

6. gr.

Framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlækni skal heimilt að sitja fundi stjórnar stofnunarinnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir stofnunina. Slík áætlun skal gerð a.m.k. tvö ár fram í tímann en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánú samstarfi við yfirlækni, framkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal sjá um að rekstrarútgjöld hennar séu innan þeirra marka er tekjur og fjárveitingar leyfa.

9. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Um Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Ísland í Hveragerði gilda að öðru leyti og eftir því sem við á lög og reglugerðir um heilbrigðisstofnanir, svo sem ákvæði um eftirlit, skýrslugerðir og geymslu sjúkragagna.

11. gr.

Verði Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði lögð niður renna eignir stofnunarinnar til Náttúrulækningafélags Íslands, ef það félag er starfandi en að öðrum kosti til ríkisins.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. málgr. 24. gr. laga nr. 97/1990, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Reglugerðin tekur ekki til stofnunar eða slita eldri fjárhagsskuldbindinga, sem stjórn N.L.F.Í. hefur löglega gert samkvæmt samþykktum félagsins. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 535/1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Hvolhreppi.

1. gr.

Í Hvolhreppi er búfjárhald óheimilt utan lögbýla. Hreppsnefnd getur þó veitt leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari. Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda.

2. gr.

Lausaganga búfjár, hverju nafni sem nefnist, er bönnuð í Hvolhreppi.

3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfénu skal fjarlægja.

4. gr.

Hreppsnefnd veitir leyfi til búfjárhalds. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

5. gr.

Búfjárefntirlitsmaður (forðagæslumaður) hreppsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

7. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. janúar 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 183/1990 og 197/1990,
um skil á staðgreiðslu.**

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftirtaldir aðilar eru innheimtumenn staðgreiðslu og taka við staðgreiðslufé og skilagreinum ef þær eru ekki inntar af hendi í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum með greiðslu inn á gíróreikning: